

Alþingi
Erindi nr. P 137/807
30.9.2009

THE ICELANDIC DAIRIES' ASSOCIATION, BITRUHÁLSKOMMUNAGAR, ICELAND.
TEL.: (+354) 569 2219. FAX: (+354) 569 2210 E-MAIL: sam@sam.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

29.9.2009

Efni: Umsögn um þingskjal 241 - 147. mál; Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanbágum frá I. kafla I. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í umsögnum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf (SAM) um frumvörp sama efnis frá 4.3.2009 og 5.5.2008 lögðu samtökin mikla áherslu á að hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða er eitt helsta samkeppnisforskot sem íslenskur landbúnaður og úrvinnslugreinar hans hafa í samkeppni við erlendar matvörur. Hreinleika afurðanna er mikilvægur þáttur í samkeppnis-stöðu íslenskra mjólkurafurða bæði hér heima og erlendis.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf fagna því að nú er lagt til að óheimilt sé að flytja til landsins m.a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar.

Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf (SAM) telja að í frumvarpinu sé enn gengið of skammt í banni við innflutningi á vörum sem kunna að valda smithættu fyrir íslenskt búfé. Þess vegna vilja SAM sérstaklega taka undir athugasemd Bændasamtaka Íslands um að í 32. grein frumvarpsins þurfi að bæta inn banni við innflutningi á hráum eggjum og ógerilsneyddum eggjamassa, ógerilsneyddri mjólk og vörum unnum úr henni og óhitameðhöndlaðri gróðurmold – en öll þessi atriði eru tilgreind í nágildandi lögum.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf vilja einnig taka undir aðrar athugasemdir um frumvarpið.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf,

Magnús Ólafsson
Stjórnarformaður